

Frumvarp til laga

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum
(tenging minni virkjana við dreifikerfi raforku).

(Eftir 2. umræðu, 3. maí.)

1. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Vegna raforku-
vera með uppsettu afli 100 kW eða minna þarf þó ekki virkjunarleyfi.

2. gr.

Við 17. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Afhendi virkjun með uppsett afl 100 kW eða minna raforku á lágspennu inn á dreifikerfi
skal dreifiveita veita afslátt af úttektargjaldi til eigenda hennar ef notkunarstaður tengist
virkjun um lágspennu. Afsláttur skal að lágmarki nema 50% en allt að 100% af gjaldinu og
skal hann nánar útfærður í gjaldskrá vegna þeirrar notkunar sem samsvarar vinnslu virkjunar
á hverjum tíma. Afsláttur af úttektargjaldi á eingöngu við þegar eignarhlutur hvers eiganda
er að lágmarki 33% í viðkomandi virkjun og/eða hinni virkjuðu auðlind.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.